



**Hitaveita Reykjahlíðar. Nokkrar mælingar
haustið 1994**

Magnús Ólafsson

Greinargerð MÓ-95-04

HITAVEITA REYKJAHLÍÐAR

Nokkrar mælingar haustið 1994

INNGANGUR

Þann 11. nóvember 1994 mældu starfsmenn Orkustofnunar hita, sýrustig, karbónat, brennisteinsvetni og uppleyst súrefni á eftirtöldum stöðum hjá Hitaveitu Reykjahlíðar.

- Varmaskiptastöð - úttak
- Brunnur við Garð
- Brunnur við Álftagerði

Mælingar voru gerðar í samráði við Sigurð R. Ragnarsson, sveitarstjóra Skútustaða-hrepps.

NIÐURSTÖÐUR

Niðurstöður þeirra efna sem mæld voru liggja nú fyrir og eru þær sýndar í töflu 1.

Tafla 1. Efnasamsetning vatns (mg/l)

Staður	Varmaskiptastöð	Garður	Álftagerði
Dags.	94.11.11	94.11.11	94.11.11
Númer	94-0322	94-0326	94-0327
Hiti (°C)	98,5	72,5	66,5
Súrefni (O ₂)	0	0	0
Sýrustig (pH/°C)	7,4/20	9,1/19	8,4/18
Karbónat (CO ₂ (t))	49	46	52
Brennisteinsvetni (H ₂ S)	0,5	0,07	<0,03

Mælingarnar sýna að hiti vatnsins fellur úr rétt um 100°C þegar það fer frá varmaskiptastöð niður í rúmlega 66°C í brunni við Álftagerði, nærri enda á dreifikerfinu. Á þessari sömu leið hverfur allt brennisteinsvetni úr vatninu, en það mældist 0,5 mg/l í varmaskiptastöðinni. Brennisteinsvetnið hverfur vegna þess að það hvarfast við súrefni úr andrúmsloftinu, sem nær að komast í samband við heita vatnið, t.d. í gegnum veggi plaströra í dreifikerfinu. Sýrustig vatnsins mældist ífið lægra en það hefur verið í fyrri mælingum Orkustofnunar, en talið er nauðsynlegt að halda því innan við 9 til að taka-marka útfellingu magnesíum-sílikata. Ekkert súrefni mældist í vatninu.

Magnús Ólafsson